

AUGLÝSING

um fólkvang í Bláfjöllum.

Aðilar að rekstri fólkvangs þess, sem stofnaður var í Bláfjöllum, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 97, 21. mars 1973 eru nú eftirtalin sveitarfélög: Reykjavíkurborg, Kópavogskaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðakaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Selvogshreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Bessastaðahreppur.

Samkomulag er milli núverandi stjórnar fólkvangsins og allra ofangreindra sveitarfélaga um þessa skipun mála og hefur Náttúruverndarráð á hana fallist, sbr. 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971.

Mörk svæðis þess, sem fólkvangurinn tekur til, eru línur, sem dregnar eru 1) úr kalli Vífilsfells 2) í Háakoll 3) í Kerlingarhnjúk 4) í (Litla) Kóngsfell 5) í Bollann við Grindaskörð 6) í horn Heiðmerkurgirðingar við Kolhól 7) með Heiðmerkurgirðingu í punkt, þar sem hún sker línu milli Stríps og Stóra Kóngsfells 8) í Sandfell, norð-vestur af Rjúpnadölum, í koll Vífilsfells.

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið, og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg, að umferð fólks torveldist.
2. Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.
3. Stefnt skal að því, að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana eftir því, sem efni þykja til, en hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki Náttúruverndarráðs.
4. Stjórn fólkvangsins er heimilt að takmarka eða banna umferð vélknúinna farartækja innan marka fólkvangsins.

Tekið er fram af hálfu sveitarfélaganna allra, samtals 13, að með stofnun fólkvangs telja þau ekki á neinn hátt raskað eignarrétti að landi því, sem fólkvangurinn tekur til. Samvinnunefnd sveitarfélaganna allra fer með stjórn fólkvangsins, og er hún skipuð einum fulltrúa frá hverjum aðila.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 47/1971.


Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 97/1973 um fólkvang í Bláfjöllum og auglýsing nr. 517/1975 um breytingu á þeirri auglýsingu.

Menntamálaráðuneytið, 9. apríl 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinsson.

Fylgiskjal.



Fyrir hönd Náttúruverndarráða,
Eysteinn Jónsson,
Árni Reynisson.